



Fréttabréf FFA - júní 2024

ÁRBÓK FÍ og tímaritið FERÐIR

Árbók FÍ er komin til Akureyrar og geta félagsmenn sem greitt hafa árgjaldið fyrir 2024 sótt hana og tímaritið Ferðir á skrifstofu FFA milli kl. 14 og 17 alla virka daga.

Ef breyting hefur orðið á heimilisföngum, símanúmerum eða netföngum hjá félögum FFA þá eru þeir vinsamlegast beðnir að senda tölvupóst um það á netfangið ffa@ffa.is

Gönguleikurinn Paulinn hefst 13. júní fyrir fullorðna og krakka. Sama dag er skipulögð barna- og fjölskylduferð á Þengilhöfða með fararstjórn, en þar er einmitt ein stöðin í leiknum. Hulda Jónsdóttir ætlar þá að kynna leikinn fyrir krökkunum og afhenda þeim sem vilja þátttökublöð. Um að gera að nýta sér þá ferð til að sýna krökkunum hvernig leikurinn virkar. Kynnið ykkur þetta betur á heimasíðu FFA þegar leikurinn hefst.

Gönguvika 2024

- 18. júní kl. 19 frá FFA: Gásir - Skipalón
- 19. júní kl. 18:30 frá FFA: Sólstöðuganga í Hrísey
- 20. júní kl. 18 frá FFA: Þingmannavegur
- 21. júní kl. 19 frá FFA: Draflastaðafjall
- 22. júní kl. 20 frá FFA: Múlakolla

Fjöldi annarra ferða er í júní; ferðir við allra hæfi.

Barna- og fjölskylduferðir, þemaferðir, gengið á fjöll, gengið á fjóra tinda, gengið í Skagafirði og margt fleira.

Allt þetta og meira til er að finna á heimasíðu FFA, ffa.is